

BRÁÐABIRGÐALÖG**um viðauka við lög nr. 128/1947 um dýrtíðarráðstafanir.**

133

31. des.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér eftirfarandi:

Hinn 19. des. s. l. reiknaði Kauplagnesnefnd út húsaleiguvisitölu samkvæmt 6. gr. laga nr. 39/1943, og lagði þá til grundvallar hina almennu vísitölu eins og hún var 1. des. 1947. Nú er svo mælt í 12. gr. laga nr. 128/1947, að hvarvetna, þar sem fjárhæð starfslauna og annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu, megi ekki, meðan þau lög eru í gildi, miða við verðlagsuppbót hærri en 300, og í 15. gr. sömu laga er m. a. svo ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölnnar, enda er þar sérstök áherzla lögð á það, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu vísitölnnar. Þegar þessi ákvæði voru samin og sett var til þess ætlazt, að húsaleiguvisitölan yrði frá 1. janúar 1948 reiknuð út á grundvelli almennrar vísitölu 300. Samkvæmt þessu kveðst forsætisráðherra hafa með bréfi, dags. 30. des. s. l., falið Kauplagnesnefnd að reikna út nýja húsaleiguvisitölu, þar sem hin almenna vísitala 300 væri lögð til grundvallar, en Kauplagnesnefnd hafi í bréfi sínu í dag neitað að verða við þessum fyrirmælum og véfengt heimild til þeirra. Til þess að girða fyrir þá töf, sem þessi neitun Kauplagnesnefndar gæti valdið á framkvæmd laga nr. 128/1947, þykir brýna nauðsyn til bera að setja henni í lagaformi þau fyrirmæli, er hún fái ekki véfengt.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Kauplagnesnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvisitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.